



HÖNNUNARMARS 18-21 MARS 2010 ARKITEKTAFÉLAG ÍSLANDS

Kæru félagsmenn Aí

Nú stýttist í hönnunarhátíðina kennda við marsmánuð.
Við hvetjum félagsmenn til að vera virka og taka þátt í dagskránni.

Arkitektafélagið mun að þessu sinni standa að **ARKITEKTAMIÐSTÖÐ** í samvinnu við innanhússarkitekta (FHÍ) og landslagsarkitekta (FÍLA).

MIÐSTÖÐIN starfar meðan á HönnunarMarsinum stendur. Þar mun verða rekinn bar / kaffihús með lifandi stemmingu þar sem gestir og gangandi geta slakað á í þægilegu andrúmslofti, sem verður skapað með ýmsum skemmtilegum arkitektamunum. Í **MIÐSTÖÐINNI** verður ma. boðið upp á :

Örfyrirlestra arkitekta (ca 10 mín) Skyggjukynningar, PP eða PDF.

Kaffisþjall með arkitektum - arkitektar spjalla við gesti um verk sín eða hvað sem er.

Frá **MIÐSTÖÐINNI** verður farið í gönguferðir á milli arkitektastofa sem verða með opið hús, þetta verður gert á fyrirfram ákveðnum tímum til að hægt sé að hafa hverja stofu opna í takmarkaðri tíma en gestir fleiri í hverri heimsókn.

Gangandi skyggjukynningar (PDF) þar sem öllum er velkomið að senda inn stutta lýsingu auk helstu verka.

Fræðsluerindi, kvikmyndasýningar, tónleikar og fleira og fleira.

Útbúið verður sérstakt kort af bænum þar sem allir viðburðir arkitekta verða merktir inn auk staðsetninga og gönguleiða.

ARKITEKTALÍKÖN

Einnig er fyrirhugað að koma fyrir arkitektalíkönum í verslunum um allan laugarveginn. Við lýsum því eftir líkönnum stórum, smáum, gömlum og nýjum. Hjá líkönunum verður að finna dagskrá arkitekta á hönnunarmars.

m3 SÝNING

Arkitektar sýna eigin verk á afmörkuðu rými sem nemur um 1m³. Þáttakandi fær frjálssar hendur innan þess rúmmáls sem þáttakandi fær úthlutað.

Kæru félagar, vinsamlegast skráið ykkur í eftirfarandi:

Örfyrirlestra

Fyrirlestra

Kaffisþjall

Að senda inn gögn fyrir gangandi skyggjukynningu (PDF)

Opnar teiknistofur

Möguleiki á viðveru

Arkitektalíkön

M3 sýning

Sendið tölvupóst á Laufey Agnarsdóttir - laufey.a@gmail.com þar sem tekið er fram í hverju þér viljið taka þátt.

Skráning þarf að hafa borist fyrir 12 febrúar!
Markaðs og Dagskrárnefnd